

Synji byggingafulltrúi erindi skulu þó líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í bygginganefnd.

## 4. gr.

Um afgreiðslur byggingafulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

## 5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingafulltrúa eða byggingafulltrúi synjar erindis, er honum heimilt að skjóta máli sínu til bygginganefndar innan 14 daga frá afgreiðslu byggingafulltrúa.

Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 4. mgr. 39. gr. skipulags- og byggingarlaga.

## 6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akranes staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 117/1999 um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. nóvember 2000.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Hersir Gíslason.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

## 1. gr.

4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 458/2000 fellur brott. Núverandi 5. mgr. verður 4. mgr.

## 2. gr.

Í stað núgildandi 10. gr. reglugerðar nr. 458/2000 komi ný 10. gr. svohljóðandi: **10. gr. Sameiginleg stjórnýsla háskólans.**

Hlutverk sameiginlegrar stjórnýslu er að skapa deildum, stofnunum og starfsfólki háskólans skilyrði til að vinna störf sín í samræmi við lög og reglur háskólans. Rektor ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn sameiginlegrar stjórnýslu. Svið hinnar sameiginlegu stjórnýslu eru: Stjórnýslusvið, rekstrar- og framkvæmdasvið, fjárreiðusvið, starfsmannasvið, kennslusvið, rannsóknasvið og þróunar- og kynningarsvið. Rektor er heimilt að skipa fleiri en einu sviði undir einn framkvæmdastjóra og skipta sviðum í deildir eftir því sem samræmist verkefnum þeirra. Rektor setur framkvæmdastjórum og deildarstjórum erindisbréf. Þá er rektor heimilt, með samþykki háskólaráðs, að fela deildarforsetum, forstöðumönnum stofnana og formönnum starfsnefnda ábyrgð á verkefnum sem falla undir hina sameiginlegu stjórnýslu. Með reglulegu millibili skal háskólaráð láta fara fram úttekt á starfsemi stjórnýslu háskólans.

## 3. gr.

Aftan við 1. málslið 3. mgr. 58. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000 bætist: en deild getur sett reglur um undanþágu frá þessu meginákvæði.

Málgreinin svo breytt orðist því í heild:

„Skriflegar prófúrlausnir skulu merktar prófnúmerum og einkunnir birtar undir sömu auðkennum, en deild getur sett reglur um undanþágu frá þessu meginákvæði. Heimilt er einnig að birta einkunnir undir sérstökum nemendanúmerum sem nemendaskrá úthlutar hverjum stúdent“.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 með samþykki háskólaráðs og að fenginni umsögn háskólafundar, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 20. nóvember 2000.*

**Páll Skúlason.**

*Pórður Kristinsson.*

## REGLUGERÐ

**um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum frá Noregi.**

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. sérstökum samningi milli Íslands og Noregs um viðskipti með landbúnaðarvörur og á grundvelli viðauka IVA við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| Úr tollnúmeri: | Vara      | Tímabil             | Vörumagn<br>kg | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr./kg |
|----------------|-----------|---------------------|----------------|-----------------|----------------------|
| 0406.3000      | Smurostur | 01.01.01 - 31.12.01 | 13.000         | 0               | 0                    |

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995, þó skal innflutningur einungis heimilaður frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.